

Málsýking.

—o—

Hvergi hefi eg séð minst á iskyggilega málsþillingu, sem er þó orðin svo mögnuð að hún gerir vart við sig hjá vel ritfærum mönnum. Málsþillingu þessa mætti kalla þágufallssýki (dativitis), því að hún lýsir sér þannig, að menn nota mjög þágufall orða þar sem á að vera þolfall. Þannig skrifa nú orðið flestir: „að bola einhverjum burt“, þó að hið rétt sé: að bola einhvern burt. Og fremur sjaldgæft er að sjá skrifað: berast á banaspjót, eins og rétt er; menn skrifa: berast á banaspjótum, alveg eins og sagt væri: að bera vopnum á einhvern. Málsýkingu þessa þyrfti að rannsaka og íslenskukennararnir í barnaskólunum æftu að geta átt góðan þátt í að útrýma henni.

6. mars.

Helgi Pjeturss.

Vísir 7.3.29

Tilgangur Mannmálsins.

Í fám orðum má segja hver er tilgangurinn með sköpun mannsins, eða þessari tilraun, sem nú hefir staðið í svo sem 1000 miljónir ára, eða frá upphafi lífsins á þessari jörð, og ekki er farin að takast enn nema að litlu leyti, hjá því sem þarf. Tilgangurinn er sá, að koma upp veru, sem sjálf geti tekið að sér að stjórna náttúrunni þar sem er heimkynni hennar, og þannig tekið þátt í stjórn heimsins. Ef tilraun þessi á að geta tekist, þá verður fyrst og fremst að vita af henni, og skilja hverjir fyrir henni standa, svo að unt verði að ná fullkonnara sambandi við þá og njóta betur stuðnings frá þeim. Úrslitaspor í þá átt, er að vita að guðir fornmanna eru ekki hugarburður einn, heldur lengra komnir menn á öðrum stjörnum, og að mannkyni jarðar vorrar er nauðsyn á sambandi við slíkar verur. Það er næsta eftirtektarvert, að vísindaleg þekking á sambandinu við lífverur á öðrum stjörnum, skuli eiga upptök sín hér á Íslandi, og vonandi er að hin fyrsta vísindalega stöð til sambands við lífið á öðrum stjörnum, verði hér. Og ef það ár sem slík stöð kemst hér upp, með margra samþykki og aðstoð, verður ekki öðrum fremra að þjóðarvelgengni, þá mundi eg ekki um það fást, þó að menn hefðu síðan lítið traust á mér sem heimsfræðingi.

28. jan.

Helgi Pjeturss

Vísir 1929. 28. jan →